

Frá: **Hjördís Braga Sigurðardóttir** <bragasig@gmail.com>

Dagsetning: 12. júlí 2014 kl. 12:49

Títtill: Hávaðamengun við Bæjarbraut.

Til: Eysteinn Haraldsson <eysteinn@gardabaer.is>

Sæll Eysteinn.

Sit hérna heima hjá mér í Blómahæð 10 og er að velta fyrir mér hvort eða hvað eigi að gera varðandi hljóðvist á Bæjarbraut? Hljóðvistin við mitt hús er yfir heilsusamlegum mörkum eins og komið hefur fram í mælingum. Auk þess er gífurlegur hávaði sem myndast vegna kodda sem settir voru á Bæjarbrautina beint fyrir neðan mitt hús. Komið hefur fram að koddarnir séu vitlaust lagðir og heyrum við stundum smelli eða klikk í þeim, en hávaðinn sem myndast þegar bílar fara yfir og slá saman fjöðrunarbúnaði eða þegar bílar eru með hlass eða kerrur í eftirdragi er aðal hávaðamengunin og ekki boðleg neinum. Þegar ástandið er orðið þannig að íbúar sem búa við þennan hávaða hrökkva við þegar verstu skellirnir dynja yfir, sem er nokkuð oft yfir daginn og heimilisdýrin eru farin að bregðast við með galti finnst mér þetta alls ekki ásættanlegt. Við íbúar við Bæjarbraut höfum komið með þá tillögu að setja þrengingar á þessum stað þannig að einn bíll komist í gegn í einu og mætti þannig koma í veg fyrir þessa skelli/hávaða. Að mínu mati **verður** að leysa þennan hávaða vegna koddanna nú þegar með áðurnefndum hætti þó svo að endanleg lausn vegna hávaðamengunar liggi ekki fyrir. Þetta mál varðar lífsgæði íbúa og heilsu. Er einhverra úrlausna að vænta á næstunni?

Með bestu kveðju og von um skjót svör,

Hjördís Braga Sigurðardóttir,

Blómahæð 10.